


# HVERNIG FER FATAHÖNNUN FRAM?

Til þess að læra um tísku hvers tíma er ekki nóg að einblína á fatnaðinn, fylgihlutina og framleiðslu þeirra heldur verður að skoða hönnun og stíl út frá öllu því sem viðkemur hinu daglega lífi okkar. Allt það sem hefur áhrif á líf okkar og menningu eins og húsgögn, skreyting á hýbýlum, bílar, matur, tímarit, fréttablöð, sjónvarp, kvikmyndir, tónlist, myndlist og svo mætti lengi telja. Hvernig við högum félagslífi okkar hefur jafnvel áhrif á hvað er í tísku hverju sinni. Ef okkur langar til þess að takast á við fatahönnun er mikilvægt að vera meðvitaður um það sem er að gerast hverju sinni, fara í leikhús, skoða listaverkasýningar, söfn, fréttæfni o.fl. Þetta hefur áhrif á þá tísku sem er í gangi og því nauðsynlegt að fylgjast vel með<sup>1</sup>.

Hefur þú verið dugleg(ur) að fylgjast með því sem er í tísku í húsgögnum, mat, leikhúsum, tónlist, listum o.s.frv?

Best er að fara í gegnum nám í fatahönnun, þar sem kynntar eru helstu aðferðir og tækni. Hægt er að nema grunn að fatahönnun allt frá einu til fjögurra ára. Á Íslandi er hægt að læra grunninn að fata- og textílhönnun í Fjölbrautarskólanum í Breiðholti [www.fb.is](http://www.fb.is), Borgarholtsskóla [www.bhs.is](http://www.bhs.is), Fjölbrautarskólanum í Garðabæ [www.fg.is](http://www.fg.is) og Iðnskólanum í Reykjavík [www.ir.is](http://www.ir.is). Í Listaháskóla Íslands er hægt að læra fatahönnun til B.A. prófs og tekur það nám 3 ár [www.lhi.is](http://www.lhi.is). Listaháskóli Íslands sækist eftir hæfileikamiklum og hugmynda- ríkum einstaklingum með góða almenna undirstöðumenntun og grunnþekkingu á viðkomandi sviði. Þeir sem hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu námi eiga rétt á því að sækja um námið.

Í Kennaraháskólanum [www.khi.is](http://www.khi.is) er hægt að velja sér textílmennt sem kjörsvið og læra þannig ýmislegt um vél- saum, prjón, hekl og útsaum en það er einnig hægt að gera í Hússtjórnarskól- anum í Reykjavík og á Hallormsstað.



Til þess að sækja um skóla þarf umsækjandi að vera með eitthvað í höndunum sem sýnir fram á færni hans. Þess vegna er mjög mikilvægt að safna verkum sínum í möppu, eins konar „verkmöppu“ (portfolio). Sú mappa inniheldur valin verk sem viðkomandi finnst lýsandi fyrir sig sem verðandi hönnuð. Það er mikilvægt að vera ávallt viðbúinn því að þurfa að útskýra betur verk sín og hafa á hreinu hvað maður hefur í huga með hverja og eina hugmynd<sup>2</sup>.

Það er jafn mikilvægt að safna að sér gögnum meðan á náminu stendur eins og að geyma skissur og annað sem teiknað er eða skrifað þegar maður er að spjalla í símann. Eins og áður sagði er mjög gott að hafa augun ávallt opin fyrir því sem er að gerast í kringum okkur, fara á sýningar, njóta náttúrunnar, skoða bækur og tímarit o.s.frv. Einnig er nauðsynlegt að skrá hjá sér, taka ljósrit, skanna myndir, skissa hugmyndir og fá prufur af efnum til þess að geta notað í náinni framtíð við hönnunina. Mikilvægt er að geta teiknað hugmyndir sínar og komið þeim frá sér á skiljanlegan máta. Mögulegt er að fara margar mismunandi leiðir til þess að koma frá sér hugmyndum.

Hægt er að nota blýantsteikningar, kol, málningu, úrklippur, efni eða tölvu eftir því hvað hentar hverju sinni og hverjum og einum hönnuði<sup>3</sup>. „Verkmöppurnar“ munu nýtast í framtíðinni og því best að byrja að safna sem fyrst. Mikilvægt er að nýta sér allskyns námskeið sem bjóðast t.d. í módelteikningu og kynna sér efni bóka um fatahönnun og vinna sjálfstætt út frá þeim.

Bækur sem gefa hugmyndir um hvernig hægt er að teikna á mismunandi hátt og innihalda ýmis skemmtileg verkefni eru m.a.



*Essential Fashion Design* eftir Janet Boyes (1998). Batsford, London. Bretland.

*Introduction to Fashion Design* eftir Patrick John Ireland (1992). Batsford, London. Bretland.

*Illustration Techniques for Fashion Designers* eftir Michele W. Bryant (2011). Laurence King, London. Bretland.

*Fashion Design (Portfolio)* eftir Sue Jenkyn Jones (2011). 3. Edition, Laurence King, London. Bretland.



Stór þáttur þess að vera fatahönnuður er að geta selt hönnun sína og þess vegna er mikilvægt að vera meðvitaður um þá möguleika sem fyrir hendi eru. Tímabilin hjá fatahönnuðum og fataframleiðendum eru yfirleitt tvö á ári hverju, þar sem kynnt er vor/sumar lína og svo haust/vetrar lína. Hvert tímabil krefst nýrra möguleika, nýrra ímynda, lita, sniða, efna o.s.frv. Hönnuðir vinna ávallt a.m.k. 12 mánuði fram í tímann, þannig að þeir vinna að vori og sumri árið 2014 að línu fyrir vor og sumar 2015. Um leið og ein tískulína er fullunnin hefjast þeir handa við þá næstu<sup>4</sup>.



Þegar verið er að hanna fatnað er mikilvægt að gera sér grein fyrir því:

*Hvaðan innblásturinn kemur*

*Hvað maður ætlar nákvæmlega að hanna*

*Fyrir hvern maður ætlara að hanna*

*Í hvaða tilefni á að nota þennan fatnað og til hvers*

*Hvernig og hvar á að vinna úr hönnuninni*

*Hvenær á að ljúka verkinu*

Það er einnig mikilvægt að vera meðvitaður um umhverfi sitt, hvaðan áhrifin koma og hvers vegna. Koma áhrifin frá kvikmyndum, leikhúsum, sjónvarpi eða öðrum fjölmiðlum, íþróttum, heimsmálum, málverkum, náttúrunni, sögulegum viðburðum, herklæðum, götufatnaði eða einhverju allt öðru<sup>5</sup>.

Mikilvægt er að fatahönnuðir séu meðvitaðir um það sem er að gerast í tískuheiminum og verði varir við þær breytingar og áhrif sem eru til staðar. Þeir þurfa einnig að gera sér grein fyrir mikilvægi listasýninga, vöruskipta og tískusýninga. Auglýsingar eru stór þáttur fatahönnunar og þess vegna þurfa hönnuðir að vera meðvitaðir um það hvernig hægt er að höfða til fólksins hverju sinni<sup>6</sup>.



Til eru margar mismunandi leiðir til þess að vinna sem fatahönnuður. Hægt er að vinna hjá stóru fatafyrirtæki eins og t.d. H&M eða Top Shop, einnig er hægt að vinna sjálfstætt fyrir fatafyrirtæki þ.e.a.s. selja hönnun sína til mismunandi fyrirtækja. Fatahönnuðir geta einnig sett upp sín eigin fyrirtæki og hönnunin er þá seld með þeirra eigin vörumerki en það er eins og gefur að skilja mjög kostnaðarsamt<sup>7</sup>.

Tveir hápunktar tískuheimsins eru sýningar frægustu fatahönnuða heims. Önnur sýningin er kölluð *haute-couture* og er sérhönnuð hátíska, hin sýningin er *prêt-à-porter* (*ready to wear*) og er hún ætluð sem „fyrirmynd“ að fjöldaframleiðslu<sup>8</sup>.

Föt sem kölluð eru á ensku „ready-to-wear“ eða tilbúin til notkunar eru sá fatnaður sem við eigum helst að venjast í venjulegum fatabúðum. Þau eru ódýr útfærsla á hönnun þekktra fatahönnuða þar sem þeir selja leyfi til slíkrar fjöldaframleiðslu<sup>9</sup>.

Á Íslandi er flóran ávallt að aukast. Auðvelt er að komast í tæri við fjöldaframleidda tískuvöru, margar hönnunarverslanir bjóða upp á örlítið dýrari varning frá helstu fatahönnuðum heims og þar að auki er einnig hægt að nálgast fjölbreytta fatahönnun frá ýmsum minni merkjum t.d. skandínavískum og íslenskum. Fjöldamargar íslenskar verslanir hafa einnig litið dagsins ljós og úrvalið af íslenskum hönnunarvarningi er í sífelldri aukningu frá ári til árs.



**Heimildir:** 1. Boyes, Janet, 1998, bls.6 2. Ireland, Patrick, 1992, bls.6 3. Ireland, bls.5 4. Ireland, bls.8 5. Ireland, bls.9 6. Ireland, bls.9 7. Ireland, bls.10 8. Lehnert, Gertrude, 2000, bls.8 9. Ireland, bls.10.

**Myndir:** 1. Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir. 2. Hildur Yeoman. 3. Daníel Þorsteinsson. 4. Ási Már Friðriksson. 5. Alya Nazha. 6. Ási Már Friðriksson. 7. Ási Már Friðriksson. 8. Andra Handaric, ljósmyndari: Anatol Gottfried. 9. EYGLO, ljósmyndari: Arnold Björnsson. 10. Helicopter, ljósmyndari: Íris Dögg Einarsdóttir.